

ÁRSSKÝRSLA 2005



ÁRSSKÝRSLA 2005

Aðalfundur 6. maí 2006



EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	6
Ávarp framkvæmdastjóra	8
Menningar- og viðurkenningasjóður	10
Háskólasjóður	13
Ársreikningur 2005	
- Áritun endurskoðenda	14
- Skýrsla stjórnar	15
- Rekstrarreikningur ársins 2005	16
- Efnahagsreikningur 31. desember 2005	17
- Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005	18
- Skýringar	19

Umsjón með ársskýrslu: Athygli ehf., Akureyri.

Umbrot og prentun: Ásprent Stíll ehf.

Ljósmyndir: Dagsljós / Finnbogi Marinósson, Óskar Þór Halldórsson.



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Kaupfélag Eyfirðinga var stofnað 19. júní árið 1886 - eða fyrir nærri 120 árum. Allt frá stofnun hefur félagið haft þann megintilgang að afla félagsmönnum sínum hagstæðra viðskiptakjara. Hagsmunir félagsmanna KEA - beinir og óbeinir - hafa alla tíð verið grundvallarþættir í starfsemi og áherslum félagsins.

Breytingar í viðskiptum og fjármálalífinu hafa orðið gríðarlega miklar á síðustu áratugum og með nokkrum sanni má líkja umbrotum síðustu ára og mánaða við hamfarir. Eftir umbreytingarferli KEA frá 1998 er þannig komið að félagið hefur staðfest breytt form og starfsemi með því að skilgreina umsvif sín sem "fjárfestingafélag sem vinnur í þágu eigenda sinna að eflingu atvinnulífs og búsetu-skilyrða á félagssvæði sínu." Þá var það mat stjórnar og framkvæmdastjóra að rétt væri að undirstrika þessa breytingu með því að taka upp nýtt merki, sem þegar hefur verið kynnt. Jafnframt er ljóst að félagið er ekki lengur "kaupfélag" í viðteknum skilningi þess orðs og heldur ekki einangrað við "Eyjafjörð og Akureyri". Því leggur stjórn til að nafni félagsins verði breytt í KEA eða KEA svf. til að undirstrika að félagið heldur að sjálfsögðu áfram að vera samvinnufélag með jafnan rétt og jafna stöðu allra félagsmanna.

Síðustu mánuðina hefur stjórn KEA og starfsmenn útfært það skipulag sem kynnt var á aðalfundi 2005 þar sem fjárfestingar og umsvif félagsins á þeim vettvangi voru færð í dótturfélögin Hilding ehf. og Upphaf ehf.. Félagið starfa með sjálfstæðar stjórnir þar sem leitað hefur verið liðsinnis sérfróðra aðila sem koma utan frá til starfs fyrir KEA. Þannig hefur ferlum ákvörðunar verið beint í skilvirkan farveg og bein ábyrgð og umboð framkvæmdastjóra tengdari frumkvæði þeirra.

Samhliða hefur verið unnið að því að afla félagsmönnum viðskiptakjara - með notkun KEA-kortsins. Greiðsla arðs til félagsmanna á síðasta ári og stofnsetning KEA-kortsins hefur ótvírætt fært íbúum félagssvæðisins heim sanninn um það að beinn ávinningur er því fylgjandi að gerast félagsmaður í KEA. Félagsmönnum hefur fjölgað um nærri 4.000 frá því á haustdögum og sýnir það ótvírætt að starfsemi félagsins og þær áherslur sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa unnið með falla fólki á félagssvæðinu vel í geð.

Um leið er það ævarandi viðfangsefni fyrir stjórn KEA og starfsmenn félagsins að varðveita upphaflegan tilgang starfseminnar og tryggja það að KEA verði áfram stjórnað til hagsbóta fyrir félagsmenn. Hagsmunir félagsmanna koma fram með beinum daglegum viðskiptum í verslunum og hjá þjónustuaðilum þar sem KEA-kortið gefur ávísun á beina afslætti. Einnig koma þær arðgreiðslur sem aðalfundur ákveður hverju sinni félagsmönnum KEA beint til góða



Langtímahagsmunum félagsmanna getur KEA sinnt með því að beina fjárfestingum í arðbæran rekstur á félagssvæðinu, sem fjölga atvinnutækifærum, um leið og KEA ávaxtar annan höfuðstól félagsins með viðunandi ávöxtun. Hagnaði af starfsemi KEA beinir félagið ýmist beint til félagsmanna - eða óbeint til stuðnings við margvísleg menningarverkefni og í gegnum þátttöku í uppbyggingu á mikilvægri starfsemi á félagssvæði KEA.

KEA er og verður félag félagsmannanna og það er þess vegna mikilvægt leiðarljós fyrir stjórn og starfsmenn að tryggja viðtækt samþykki fyrir þeim áherslum sem félagið velur í starfi sínu. Síðastliðið ár hefur skilað KEA endurnýjuðum félagsmannagrunni og í þeim hópi hljóta að vera margir áhugasamir einstaklingar sem munu á næstunni láta til sín taka á vettvangi félagsins. Við sem höfum átt þátt í mótun félagsins síðustu misseri höfum átt því láni að fagna að félagsmennirnir og íbúar félagssvæðisins hafa tekið okkar störfum vel og nánast allir reynst viljugir til samstarfs við KEA. KEA vill eiga samstarf við alla - bæði einstaklinga, félagasamtök, stjórnvöld og sveitarstjórnir - sem vilja vinna með opinskáum hætti að eflingu efnahagslífsins og bættum lífsskilyrðum á félagssvæðinu.

KEA heldur á lofti merki samvinnuhreyfingar - og vinnur að því að efla þátttöku einstaklinga og fjölga tækifærum þeim til handa. Jafnframt er KEA fjárhagslega öflugur aðili sem getur beitt fjármunum félagsins til þess að fjárfesta í grunngerð samfélagsins. KEA vill og getur átt aðild að lausnum á sviði samgangna, háskóla- og rannsóknarstarfsemi, heilbrigðismála o.fl. Í slíkum verkefnum getur KEA ávaxtað fjármuni félagsins með högværum hætti - en af fullri ábyrgð engu að síður - að því gefnu að samstarf takist við stjórnvöld um uppstillingu verkefna. Af þeim toga eru verkefni eins og Vaðlaheiðargöng, lenging flugbrautar við Akureyrarflugvöll, Vísindagarðar við Háskólann á Akureyri, flutningur opinberra verkefna til Akureyrar og bygging Líknardeildar við FSA, svo dæmi séu tekin. KEA hefur á síðustu vikum mætt jákvæðara viðhorfi ríkisstjórnar gagnvart tilboði félagsins um þátttöku í uppbyggingu opinberra stofnana á Akureyri. Það er þess vegna hiklaust eðlilegt að sækja á um að tiltekin umfangsmikil verkefni ríkisins á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar verði byggð upp á Akureyri í samstarfi við Háskólann á Akureyri, ríkisstjórn og Alþingi. Engum blandast hugur um að það hefur hallað alvarlega á landsbyggðina varðandi fjölda opinberra starfa - og með vísan til þess ættu ekki að þurfa að rísa alvarlegar deilum um flutning stofnana og uppbyggingu verkefna utan Reykjavíkur. KEA ítrekar vilja til samstarfs um slíkt.

Benedikt Sigurðarson
Stjórnarformaður



ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ágætu félagsmenn,

“KEA er fjárfestingarfélag sem vinnur í þágu eigenda sinna að eflingu atvinnulífs og búsetuskilyrða á starfssvæði sínu”

Þannig hljómar nýsamþykkt hlutverkalýsing KEA. Stutt og lýsandi setning um það sem KEA er í dag en meginstarfsemi félagsins er á vettvangi fjárfestinga þar sem félagið hefur tekjur sínar af ávöxtun fjármuna og fjárfestingarverkefnum.

Nýtt skipulag

Stefnumótunarvinna leiddi af sér töluverða breytingu á skipulagi og áhættustýringu og kynnt var á síðasta aðalfundi. Í framhaldi af því voru stofnuð tvö dótturfélög sem hvort um sig er sérhæft fjárfestingarfélag. Hildingur er fjárfestingarfélag um hefðbundnar fjárfestingar og Upphaf er fjárfestingarfélag um nýsköpunar- og framtaksverkefni. Samanlagt eigið fé þessara fyrirtækja er 1,7 milljarðar króna. Í kjölfar þessara breytinga var starf fjárfestingarstjóra KEA lagt niður og hafa þessi fyrirtæki framkvæmdastjóra, sem var ráðinn til þeirra í lok ársins. Markmið þessara breytinga var að aðgreina hreina fjárfestingarstarfsemi frá annari starfsemi KEA, sérgreina fjármuni á tiltekna fjárfestingarflokka, skerpa áherslur um einstaka tegundir fjárfestinga og auka sveigjanleika og ákvörðunartöku. Fjárfestingarstefna KEA hefur það að megin markmiði að varðveita höfuðstól félagsins að raungildi yfir lengri tíma og að eiginafjárhlutfall félagsins fari ekki undir 50%.

Í október var ráðið í nýja stöðu á vegum félagsins, markaðs- og kynningarfulltrúa, en meginhlutverk þess starfsmanns er að sinna félagsmönnum og afla viðskiptakjara.

Fjárhagur og verkefni

Rekstur félagsins á árinu 2005 er viðunandi sé tekið mið af þeirri fjárfestingarstefnu sem félagið styðst við og ráðstöfun fjármuna til ótekjumyndandi verkefna eða verkefna með takmarkaða arðsemismöguleika. Nafnávöxtun fjármunaeignar var 12,4% á árinu.

Fjárhagsleg staða félagsins er góð, eigið fé er tæplega 4,3 milljarðar króna og heildareignir félagsins um 5,1 milljarður króna. Eiginfjárhlutfall félagsins um síðustu áramót var 84%.

Fjöldi verkefna var skoðaður á árinu en langstærsta og umfangsmesta verkefnið var einkavæðing Landssíma Íslands en eins og þekkt er bauð fjárfestahópur sem KEA var aðili að í fyrirtækið.

Verðlagning á hefðbundnum fjárfestingarverkefnum á síðasta ári var há og náði líklega hámarki undir lok ársins. Vilji banka til að lánsfjármagna fyrirtækjakaup var mikill sem hefur bein áhrif á verðlagningu fyrirtækja. Í dag eru mjög margir fjársterkir aðilar á markaðinum og landslagið gjörbreytt hvað það varðar frá því sem áður var. Samkeppni um



fjárfestingarverkefni hefur því stóraukist og er í flestum tilvikum um uppboðsferli að ræða.

Landfræðileg staðsetning KEA setur það óneitanlega frá hringiðu viðskiptagjöfninga og útrásarverkefna en það er staða sem við erum meðvituð um og vinnu fyrirtækisins er hagað m.t.t. þess.

Verkefni á sviði nýsköpunar reyndust ekki nægjanlega mörg á síðasta ári og er það áhyggjuefni hver-su fá áhugaverð verkefni koma fram á þessu sviði.

KEA fjárfesti fyrir 320 milljónir króna í fyrirtækjum á síðasta ári. Fjárfest var í 10 nýjum verkefnum og staðið var að hlutfjárfærkingu í 5 verkefnum sem áður hafði verið fjárfest í. Að auki vinnur KEA í fjárfestingarverkefnum vegna útvíkkunar og samruna félaga í gegnum þau fyrirtæki sem það á umtalsverðan hlut í hverju sinni.

Við fjárfestingar á vegum félagsins er arðsemi höfð að leiðarljósi því ef því sjónarmiði er ekki haldið til haga mun eigið fé félagsins rýrna hratt og geta félagsins til fjárfestinga og vaxtar versna og á endanum hverfa. Það er mikilvægt að að rasa ekki um ráð fram í fjárfestingum en um leið er það forgangsverkefni að ná árangri á þessu sviði með markvissri leit verkefna og frumkvæði.

KEA hefur áhuga á því að fjárfesta í félögum sem hafa hæft stjórnendateymi með reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði. Fjárfestingageta KEA á mælikvarða þess umhverfis sem það starfar í er töluverð, eða um 9-10 milljarðar króna. KEA getur því verið fyrirtækjum sem það kemur að sterkur bakhjarl.

Þó svo að kjarnastarfsemi KEA snúist um fjárfestingarstarfsemi hefur og mun félagið koma að verkefnum sem fela í sér takmarkaða ávöxtunarmöguleika eða eru líkleg til að efla búsetuskilyrði með einum eða öðrum hætti s.s. samgönguverkefni.

Samfélagsleg ábyrgð

Á seinni árum hefur eflst vitund öflugra fyrirtækja um hlutverk og stöðu sína í samfélaginu. Þessi vakning er ekki einskorðuð við Ísland heldur er þetta alþjóðlegt fyrirbrigði. KEA hefur frá upphafi verið meðvitað um samfélagslega ábyrgð og rækt hana af myndugleik þó umfang og birtingarform hafi breyst yfir tíma. Á síðasta ári veitti KEA tæpum 60 milljónum króna í styrki af ýmsu tagi og er ólíklegt að annað fyrirtæki á starfssvæði KEA veiti jafn miklum fjármunum til stuðnings við menningar-, líknar-, lista- og íþróttamál. Það er hverju samfélagi nauðsynlegt að til staðar séu fyrirtæki sem hafa vilja og getu til að styðja við samfélagsleg verkefni og önnur góð verk.

KEA hefur náð að finna sér nýjan stað, hefur skilgreint og skýrt hlutverk og komið hinni nýju ásýnd til skila. Efnahagur félagsins er sterkur og allar raddir um að KEA sé búð að vera og hafi enga getu til athafna eiga sér enga stöð í raunveruleikanum. Að fyrirtækinu hafi tekist að sigla hjá því ölduróti sem við blasti seint á síðustu öld sýnir best þá framsýni og þor sem stjórn og félagsmenn höfðu á sínum tíma gagnvart því að taka sársaukafullar ákvarðanir. Aðlögunarhæfni er styrkleikamerki. Það er einkar ánægjulegt hvernig til hefur tekist síðustu mánuði varðandi fjölgun félagsmanna og er það skýrt dæmi þess að þátttaka skiptir máli.

Í þann tíma sem ég hef gegnt starfi framkvæmdastjóra hef ég skynjað meðbyr og jákvæðni í garð fyrirtækisins og vona að svo verði áfram. Skoðanakannanir sýna að jákvæðni í garð fyrirtækisins er mikil og það er hvatning fyrir stjórn og starfsmenn þess í sinni vinnu. Ég er stoltur af því að fá að stýra þessu fyrirtæki og er bjartsýnn á framtíð þess.

Halldór Jóhannsson
Framkvæmdastjóri



Verðlaunahafar

Styrkþegar ásamt forseta Íslands, hr. Ólafi Ragnari Grímssyni og Halldóri Jóhannssyni, framkvæmdastjóra KEA, við úthlutun styrkja úr Menningar- og viðurkenningasjóði KEA í desember 2005.



Forsetinn

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson afhendir Bjarna Guðleifssyni á Möðruvöllum styrk úr Menningar- og viðurkenningasjóði KEA í desember sl.

MENNINGAR- OG VIÐURKENNINGASJÓÐUR

Á árinu 2005 var úthlutað 83 styrkjum úr Menningar- og viðurkenningasjóði KEA, samtals að upphæð 17,615 milljónir króna. Aldrei áður hefur verið veitt jafn miklu fé úr sjóðnum á einu ári. Úthlutun fór fram í tengslum við KEA-dag á Glerártorgi 30. apríl og í Listasafninu á Akureyri 3. desember 2005.

Eftirtaldir einstaklingar og félagasamtök fengu styrki úr Menningar- og viðurkenningasjóði KEA árið 2005:

Ýmis menningarverkefni – kr. 3,550 milljónir

Arnfinna Björnsdóttir - sýning á acryl- og klippimyndum.

Bjarni E. Guðleifsson - útgáfa fyrstu bókar í ritaröðinni "Náttúruskoðarinn".

Dóróthea Jónsdóttir - uppbygging markaðstorgs fyrir íslenskt handverk á netinu.

Erling Þorgrímsson - vímuefnalausir tónleikar fyrir ungt fólk.

Félag um Þjóðlagasetur á Siglufirði - endurbætur á Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Hafdís K. Ólafsson - uppsetning úra- og gullsmíðasafns á Siglufirði.

Hljómsveitin Mór - upptaka á geisladiski með íslenskum þjóðlögum.

"Í fínu formi" - Kór félags eldri borgara - upptaka á geisladiski.

Jóhann Daníelsson - söfnun heimilda um líf og starf fólks í Svarfaðardal á síðustu öld.

Jón Hlöðver Áskelsson - útgáfa á lögum eftir hann við ljóð Þorgeirs Sveinbjarnarsonar.

Kórastefna við Mývatn - vegna kóramóts.

Kvenfélagasamband Suður-Þingeyinga - varðveisla og viðhald Húsmæðraskólans á Laugum í Reykjadal.

Leikklúbburinn Krafla í Hrísey - uppsetning leikverks.

Listalíf ehf. - gerð heimildarmyndar um Sverri Hermannsson, húsasmíðameistara og safnara.

Mýrarmannfélagið - útgáfa á Vesturheimsbréfum Jóns Jónssonar frá Mýri.

Nedjelkja Marijan - útgáfa ljóða.

Nonnahús - útgáfa kynningarbæklinga.

Saga Laugaskóla - ritun sögu Laugaskóla.

Samstarfshópur safna í Eyjafirði - sameiginlegt átak í kynningarmálum.

Snow Magic Mývatn - samstarfsverkefni til stuðnings atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit.

Stofnun Sigurðar Nordals - sagnþing á Laugum í Reykjadal.

Stúlknakór Húsavíkur - þátttaka í kóramóti í Feneyjum.

Sverrir Páll Erlendsson - rannsóknir á samnýtingu síma, bloggs og tölva.

Sögufélag Svalbarðsstrandar - söfnun heimilda sem tengjast Svalbarðsströnd.

Tónræktin ehf. - þróun tónlistarkennslu barna á aldrinum 4-6 ára.

Tónlistarfélag Akureyrar - vetrardagskrá félagsins.

Traustmynd - sjónvarpsmynd í tilefni fæðingarafmælis Davíðs Stefánssonar.

Íþróttastyrkir - kr. 3,560 milljónir

Handknattleiksdeild Þórs - til reksturs deildarinnar.

Hestamannafélagið Léttir - bygging reiðhallar.

Íþróttafélagið Völsungur - keppnis- og æfingaferðir ungmenna til Svíþjóðar.

Knattspyrnufélag Siglufjarðar - Þæjumót í knattspyrnu.

Meistaraflokkur KA í handknattleik - þátttaka í Evrópukeppni félagsliða.

Nikulás, stuðningsmannafélag Leifturs í Ólafsfirði - Nikulásarmót í knattspyrnu.

Skíðafélag Akureyrar - keppnis- og æfingaferðir afreksfólks.

Sundfélagið Óðinn - aldursflokkeistaramót í sundi.

Unglingaráð Þórs í knattspyrnu - Goðamót í knattspyrnu.

Ungmennafélag Akureyrar - til eflingar starfsins.

Ungt afreksfólk - kr. 5,805 milljónir

Andri Snær Stefánsson, handknattleiksmaður.

Anna Sonja Ágústsdóttir, íshökkíkona.

Ari Jóhann Júlíusson, frjálsíþróttamaður.

Arnar Þór Stefánsson - þátttaka í Ólympíuleikunum í efnafræði.

Ásta Björk Ingadóttir, skíðakona.

Baldur Sigurðsson, knattspyrnumaður.

Birna Baldursdóttir, íshokki- og blakkona.

Björn Már Jakobsson, íshokki- og blakkona.

Brynja Vignisdóttir, íshökkíkona.

Dagný Linda Kristjánsdóttir, skíðakona.

Eiríkur Helgason, snjóbrettamaður.

Elsa Guðrún Jónsdóttir, skíðakona.

Guðjón Páll Sigurðarson, frjálsíþróttamaður.

Guðlaugur Hólm Guðmundsson, snjóbrettamaður.

Hafdís Sigurðardóttir, frjálsíþróttakona.

Hallgrímur Jónasson, knattspyrnumaður.

Heiðrún Sigurðardóttir, fitnesskona.



Inga Steinunn Helgadóttir - þátttaka í Alþjóðlegu Ólympíuleikunum í stærðfræði.
 Jóhanna Sigurbjörg Ólafsdóttir, íshökkíkona.
 Jón Benedikt Gíslason, íshökkímaður.
 Jón Ingi Hallgrímsson, íshökkímaður.
 Jón Viðar Þorvaldsson, skíðamaður.
 Jónína Margrét Guðbjartsdóttir, íshökkíkona.
 Kristján Uni Óskarsson, skíðamaður.
 Lára Sóley Jóhannsdóttir - nám til BMus gráðu við
 Royal Welsh College of Music and Drama í Cardiff.
 Óðinn Guðmundsson, skíðamaður.
 Patricia Huld Ryan, íshökkíkona.
 Ragnar Snær Njálsson, handknattleiksmaður.
 Sigfús Fossdal, kraftlyftingamaður.
 Sólveig Gærdbo Smáradóttir, íshökkíkona.
 Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir, íshökkíkona.
 Sunna Sævarsdóttir, kylfingur.
 Vigdís Aradóttir, íshökkíkona.
 Viktor Helgi Hjartarson, snjóbrettamaður.
 Víkingur Þór Björnsson, skíðamaður.
 Þorgerður Kristín Jónsdóttir - nám við Circomedia-skólann í Bristol á Englandi.
 Þorsteinn Ingason, skíðamaður.

Þátttökuverkefni - kr. 4,7 milljónir

Ásgeir Jónsson - útgáfa ljóðmæla Jóns Arasonar, biskups.
 Bjálkinn ehf. - samvinnuverkefni í menningartengdri ferðaþjónustu o.fl.
 Eyjafjarðarsveit - rekstur Tónlistarhússins Laugarborgar.
 Fuglasafn Sigurgeirs ehf. í Mývatnssveit - uppbygging safnsins.
 Listasumar 2005 - árlegir listviðburðir á Akureyri.
 Minjasafnið á Akureyri - fornleifarannsóknir á Gáseyri.
 Safnasafnið - flutningur hússins Gömlu búðar til safnsins.
 Vinir Wathnehússins - björgun hússins.
 Örn Ingi/Arnarauga - rekstur fjöllistaskóla.



Á árinu 2005 styrkti Háskólasjóður KEA tíu verkefni, samtals að upphæð kr. 5 milljónir.

HÁSKÓLASJÓÐUR KEA

Úthlutað var úr Háskólasjóði KEA 30. apríl 2005. Tíu verkefni voru styrkt að þessu sinni, samtals að upphæð kr. 5 milljónir.

Eftirtalin verkefni voru styrkt á árinu 2005:

Bjarni Hjarðar: Fjölnýting jarðhita - útflutningur á heitu vatni.
 Elizabeth Fern: Social workers constructing childhoods: a study of social workers perspectives and the implications for children.
 Hjörleifur Einarsson, Arnheiður Eypórsdóttir og Hreiðar Þór Valtýsson: Rannsóknir á hverastrýtum í Eyjafirði - nýjar víddir, lífefnaleit, tækjabúnaður og sjódagar.
 James Fredrick Nystrom: Computational Cosmography Initiative.
 Jóhann Örlygsson: Fóður úr vetni.
 Kamilla Rún Jóhannsdóttir: Þáttur vinnsluminnis í hreyfanlegu umhverfi.
 Rannveig Björnsdóttir: Notkun lífvirkra efna í lúðueldi.
 Sigrún Magnúsdóttir og Bragi Guðmundsson: Margmiðlunarvefur um menningar- og atvinnusögu Eyjafjarðar.
 Syed Murtaza: Providing hybrid virtualized services within the Grid infrastructure.
 Þórarinn J. Sigurðsson: Eru tengsl milli fyrirburafæðinga og tannholdsbólgu?

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og félagsmanna í Kaupfélagi Eyfirðinga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Kaupfélags Eyfirðinga fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Akureyri, 13. mars 2006

Deloitte hf.



Ragnar Jóhann Jónsson
Endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR

Kaupfélag Eyfirðinga svf. er fjárfestingafélag sem vinnur í þágu félagsmanna sinna að eflingu atvinnulífs og búsetuskilyrða á félagssvæði sínu.

Hagnaður Kaupfélags Eyfirðinga á árinu 2005 nam kr. 263.132.769. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 5.101.209.624, bókfært eigið fé í árslok er kr. 4.260.727.869 og er eiginfjárhlutfall félagsins 83,52%.


Í lok ársins voru félagsmenn í félaginu 9.040 en voru 7.834 í upphafi árs.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.


Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Kaupfélags Eyfirðinga koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Kaupfélags Eyfirðinga staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Akureyri, 13. mars 2006


Stjórn:




Benedikt Sigurðarson
Stjórnarformaður




Björn Friðbjólfsson




Guðmundur B. Guðmundsson



Hallur Gunnarsson



Hannes Karlsson



Jóhannes Ævar Jónsson



Úlfhildur Rögnvaldsdóttir



Halldór Jóhannsson
Framkvæmdastjóri

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2005

	Skýr.	2005	2004
Fjármunatekjur		568.088.239	2.776.896.905
Afskrift krafna og eignarhluta		(52.066.308)	(292.980.384)
Fjármagnsgjöld		(15.378.182)	(31.201.789)
Hreinar rekstrartekjur		500.643.749	2.452.714.732
Laun og launatengd gjöld	3	(71.786.186)	(26.317.001)
Annar rekstrarkostnaður		(43.239.711)	(19.405.397)
Veittir styrkir		(58.421.809)	(36.165.135)
Hagnaður fyrir skatta		327.196.043	2.370.827.199
Tekjuskattur	4	(64.063.274)	(412.425.229)
Hagnaður ársins		263.132.769	1.958.401.970

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2005

Eignir	Skýr.	31.12.2005	31.12.2004
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	15.000.000	15.000.000
Markaðsverðbréf	7	4.006.896.321	2.016.302.612
Fjárfestingaverðbréf	8	491.267.883	2.233.429.965
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	9	255.975.599	283.418.650
Annað bundið fé		119.804	2.628.900
		4.769.259.607	4.550.780.127
Veltufjármunir			
Næsta árs afborganir langtímakrafna	17	65.807.184	129.342.423
Aðrar skammtímakröfur	10	203.128.282	43.013.922
Handbært fé	10	63.014.551	89.973.884
		331.950.017	262.330.229
Eignir		5.101.209.624	4.813.110.356
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Stofnsjóður félagsmanna		4.817.000	4.093.500
Lögbundinn varasjóður		1.204.250	1.023.375
Óráðstafað eigið fé		4.254.706.619	4.032.688.058
Eigið fé		4.260.727.869	4.037.804.933
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	12	179.465.070	241.782.608
Aðrar langtímaskuldir	12	23.962.343	2.628.900
Tekjuskattsskuldbinding	13	423.150.435	406.783.074
		626.577.847	651.194.582
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	14	6.510.741	3.687.996
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	85.145.716	80.452.919
Ógreiddir reiknaðir skattar	4	40.384.351	12.169.362
Aðrar skammtímaskuldir	14	81.863.100	27.800.564
		213.903.908	124.110.841
Skuldir		840.481.755	775.305.423
Eigið fé og skuldir		5.101.209.624	4.813.110.356

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI

	Skýr.	2005	2004
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		327.196.043	2.370.827.199
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda		(223.025.332)	(55.769.715)
Afskrift krafna og eignarhluta		52.066.308	292.980.384
Söluhagnaður		(181.919.295)	(2.500.041.395)
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri án skatta		(25.682.276)	107.996.473
Rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun		(2.502.510)	(18.536.864)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun)		17.250.545	4.546.312
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri án skatta		(10.934.241)	94.005.921
Greiddir skattar		(19.480.924)	(12.169.362)
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		(30.415.165)	81.836.559
Fjárfestingarhreyfingar			
Skammtimákröfur, lækkun	6	(167.298.533)	(15.905.630)
Ný skuldabréf		(2.022.937.145)	(207.825.081)
Afboeganir skuldabréfa		2.057.724.297	39.831.767
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf		1.878.948.028	1.665.282.505
Keypt/seld markaðsverðbréf		(1.770.222.013)	(1.733.706.033)
Aðrar langtímaáhröfur		2.509.096	0
		(21.276.270)	(252.322.472)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	11	(40.933.333)	0
Skammtimaskuldir, lækkun		39.634.736	8.620.177
Stofnsjóður félagsmanna	11	723.500	78.000
Nýjar langtímaskuldir		25.307.199	0
		24.732.102	8.698.177
Lækkun handbærs fjár		(26.959.333)	(161.787.736)
Handbært fé í upphafi árs		89.973.884	251.761.620
Handbært fé í lok árs		63.014.551	89.973.884
Aðrar upplýsingar			
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri		(73.378.189)	95.827.111

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Kaupfélag Eyfirðinga er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Kaupfélag Eyfirðinga er fjárfestingarfélag sem vinnur í þágu eigna sinna að því að efla arvinulíf og búsetuskýrði á starfsvæði sína.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Kaupfélags Eyfirðinga fyrir árið 2005 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldleysi- og vaxtaáhræm.

Engir framvirkir gjaldleysiskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við höf hjá félaginu.

Skráning tekna

Vaxtaekjur og aðrar fjármunatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gjaldandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reiknings tímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegrs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnabagslöða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofu félagsins er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinvegni er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að hann nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagræna ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

SKÝRINGAR

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Skuldbréf og aðrar langtímakröfur sem ætlan er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að meta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að meta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótareikningur til að meta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum atboegnum og eru efnisstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gjaldandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalína eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lína er færður til gjalda á lántökunni.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekinnar arðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2005	2004
Laun og starfslokasamningar	58.422.933	21.326.179
Launatengd gjöld	13.363.253	4.990.822
	<u>71.786.186</u>	<u>26.317.001</u>
Meðalfjöldi starfa	3	2

Heiklatlaun og þóknun til stjórnenda félagsins á árinu 2005 námu 20,4 milljónum króna. Á árinu var gerður starfslokasamningur við fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins og nemur bókfærð skuld vegna hans í árslok 2005, 27,8 milljónum króna. Á árinu vonu gjaldfærðar 33,9 milljónir króna vegna samningsins.

SKÝRINGAR

4. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 60,0 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2006 nemur 40,4 milljónum króna.

Útleiðsla á virku skattburfalli:	2005		2004	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	327.196.043		2.370.827.199	
Skattburfall, 18%	58.895.288	18,0%	426.748.896	18,0%
Fenginn arður	-8.964.000	-2,7%	-30.482.049	-1,3%
Ófrádráttarþætur styrkir	10.075.206	3,1%	3.989.020	0,2%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>60.006.494</u>	<u>18,3%</u>	<u>400.255.867</u>	<u>16,9%</u>

5. Arður

Á árinu 2005 var arður greiddur til félagsmanna. Arðgreiðslan nam kr. 40.933.333 og var í því formi að hverjum og einum félagsmanni var sendur innvegnamið að andvirði kr. 6.000, í tilefni af Kaupdögum KEA í desember 2005.

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign Kaupvangsstr.
Stofnverð 1.1.	15.000.000
Bókfært verð 31.12.2005	<u>15.000.000</u>

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	13.123.000	12.080.000
Aðrar lausafjárryggingar		2.899.000

Engar veðskuldir hvíla á fasteign félagsins.

7. Markaðsverðbréf

	2005	2004
Staða í ársbyrjun	2.016.302.612	221.575.800
Keypt á árinu	6.160.276.903	1.753.960.001
Selt á árinu	(4.390.054.890)	(20.253.968)
Verðbreytingar	220.371.696	61.020.779
Staða í árslok	<u>4.006.896.321</u>	<u>2.016.302.612</u>

SKÝRINGAR

8. Fjárfestingaverðbréf

	2005	2004
Eignarhlutur í öðrum félögum	491.267.883	2.233.429.965
	491.267.883	2.233.429.965
Staða í ársbyrjun	2.233.429.965	1.664.962.524
Keypt á árinu	278.236.965	2.211.398.100
Selt á árinu	(1.975.265.698)	(1.376.639.210)
Niðurfærsla	(45.133.349)	(266.291.449)
Staða í árslok	491.267.883	2.233.429.965

9. Skuldabréfaeign og aðrar langtímaskuldir

	2005	2004
Staða í ársbyrjun	427.845.333	339.122.997
Keypt á árinu	2.022.937.145	207.825.081
Innborgunir á árinu	(2.131.258.976)	(123.691.660)
Verðbreytingar	14.589.830	4.588.915
Afskrifað á árinu	(6.293.404)	0
Staða í árslok	327.819.928	427.845.333
Niðurfærsla	(6.037.145)	(15.084.260)
Nesta árs afborgun	(65.807.184)	(129.342.423)
	255.975.599	283.418.650

10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2005	31.12.2004
Kröfur á félag	192.531.060	24.282.152
Fyrirframgreiddur kostnaður	266.752	70.992
Fjármagnstekjuskattur	22.144.159	19.837.409
Reiknaðir áfálnir vextir	7.091.448	10.428.044
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(18.905.137)	(11.604.675)
	203.128.282	43.013.922

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóð og óbundnum bankainnstaðum.

	31.12.2005	31.12.2004
Bankainnstaður í íslenskum krónum	58.828.295	89.973.884
Bankainnstaður í erlendri mynt	4.186.256	0
	63.014.551	89.973.884

SKÝRINGAR

11. Eigið fé

	Stofnsjóður félagsmanna	Lögbundinn varasjóður	Óriðstafað eigið fé	Eigið fé samalt
Eigið fé 1.1.2005	4.093.500	1.023.375	4.032.688.058	4.037.804.933
Innborgað í stofnsjóð	728.500			728.500
Útborgað úr stofnsjóði	(5.000)			(5.000)
Greiddur arður til félagsmanna			(40.933.333)	(40.933.333)
Hagnaður ársins			263.132.769	263.132.769
Tillag í lögbundinn varasjóð		180.875	(180.875)	
Eigið fé 31.12.2005	4.817.000	1.204.250	4.254.706.619	4.260.727.869

12. Langtímaskuldir

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldabréfalán	
	31.12.2005	31.12.2004	31.12.2005	31.12.2004
Skuldir í ESK	27.936.099	2.628.900	260.637.030	322.235.527
Næsta árs afborganir langtímaskulda	27.936.099	2.628.900	260.637.030	322.235.527
	(3.973.756)	0	(81.171.959)	(80.452.919)
Langtímaskuldir í árslok	23.962.343	2.628.900	179.465.070	241.782.608

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Aðrar langtímaskuldir	Skuldabréfa- lán
Næsta árs afborganir	3.973.756	81.171.959
Afborganir 2007	15.895.025	81.171.959
Afborganir 2008	8.067.318	32.764.370
Afborganir 2009	0	32.764.370
Afborganir 2010	0	32.764.370
	27.936.099	260.637.030

13. Frestaður skattur

Staða í ársbyrjun	406.783.074
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2005	60.006.494
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2005	(3.254.782)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2006	(40.384.351)
Staða í árslok	423.150.435

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(26.802)
Eignarhlutur í félögum	(12.748.776)
Frestaður sölubagnaður hlutabréfa	446.145.041
Skammtímaskuldir	(4.489.611)
Aðrir liðir	(5.729.418)
	423.150.435

SKÝRINGAR

14. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	31.12.2005	31.12.2004
Innlendar viðskiptaskuldir	6.510.741	3.687.996
	6.510.741	3.687.996
Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2005	31.12.2004
Vörslufé	10.798.732	10.094.418
Ógreidd hlutafjárloforð	30.189.278	0
Ógreidd laun og launategl gjöld	7.601.231	4.663.352
Ógreiddur arður	744.000	0
Ógreiddir áfallnir vextir	16.937.609	13.033.798
Fjármagnstekjuskattar	4.093.333	0
Ógreidd opinber gjöld	6.748.917	0
Aðrar skuldir	4.750.000	8.996
	81.863.100	27.800.564
Næsta árs afborganir langtímaskulda	31.12.2005	31.12.2004
Skuldbærfalín	81.171.959	80.452.919
Aðrar langtímaskuldir	3.973.756	0
	85.145.716	80.452.919

15. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Straumur-Burðarís fjárfestingarbanki hf. hefur tekið að sér að greiða langtímaskuldir félagsins að eftirstöðvum 96,8 milljónum króna í árslok, þar af eru 48,4 milljónum króna færðar sem næsta árs afborganir meðal skammtímaskulda. Í reikningum félagsins er því mynduðar mótreikningar við umræddar langtímaskuldir meðal langtímaskulda og næsta árs afborgananna langtímaskulda, sem sýna þá kröfu sem félagið á á hendur Burðarís-Straumi fjárfestingarbanka hf. Greiðslur vegna þessara langtímaskulda og langtímaskulda koma ekki fram í sjóðstreymi félagsins.

16. Ábyrgðir og önnur mál

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema um 360 milljónum króna og eru sjálfskuldarábyrgðir sem félagið hefur veitt í tengslum við fjárfestingaverkefni sem það hefur tekið þátt í.

17. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Í byrjun janúar 2006 tóku fjárfestingar- og dótturfélag Kaupfélags Eyfirðinga, Hildingur ehf. og Upphaf ehf., til starfa. Hildingur ehf. mun sérhæfa sig í fjárfestingu eignarhluta í þroskuðum félögum og markaðsverðbréfum, en Upphaf ehf. mun leggja áherslu á þjónöku í spreota- og nýsköpunarvirkisum. Félagin yfirtóku í byrjun janúar 2006 fjárfestingaverðbréfið Kaupfélags Eyfirðinga, samtals að verðmæti um 462 milljónum króna. Áætlað er að félagin komi til með að yfirtaka eigin Kaupfélags Eyfirðinga, samtals að verðmæti 1.700 milljónum, sem lagðar verða fram sem aukin hlutfé í félaganum.

SKÝRINGAR

18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 13. mars 2006.

19. Kennitölur

Rekstrargjöld sem blutfall af hreinan rekstrarekjum	2005	2004	Breyting
Laun og tengl gjöld/hreinar rekstrarekjur	14,34%	1,07%	13,27%
Annar rekstrarkostnaður/hreinar rekstrarekjur	8,64%	0,79%	7,85%
Veittir styrkir/hreinar rekstrarekjur	11,67%	1,47%	10,19%
Rekstrargjöld/hreinar rekstrarekjur	34,64%	3,34%	31,31%

20. Sjóðstreymisýfirlit

	2005	2004	2003	2002	2001
Hagnaður (tap) ársins	263.132.769	1.958.401.970	46.569.728	151.327.422	(612.847.883)
Afskrifir	0	0	0	0	11.174.436
Reiknaðir fjármagnsbætur	(352.878.319)	(2.262.830.726)	(111.735.360)	0	(44.551.570)
Aðrar breytingar	16.367.361	400.255.867	6.527.207	(187.854.420)	157.821.697
Hreint veltufé frá (til) rekstri	(73.378.189)	95.827.111	(58.638.425)	(36.526.998)	(488.403.320)
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum	(2.502.510)	(18.536.864)	0	(1.281.542)	173.362.572
Rekstrartengdum skuldum	45.465.534	4.546.312	6.636.222	13.322.780	(176.601.173)
Handb. fé frá (til) rekstri	(30.415.165)	81.836.559	(52.002.203)	(24.485.760)	(401.641.921)



K E A

Kaupfélag Eyfirðinga svf.
Hafnarstræti 91-95
600 Akureyri
Sími: 460 3400
Fax: 460 3401
www.kea.is